



Ávarp formanns

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara skólans. Markmið samtakanna eru að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að efna árlega til endurfunda og brautskráningarveislu, heiðra afburðanemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og safna fjármagni frá fyrirtækjum.

Í stjórn Góðvina árið 2008 störfuðu auk mín, Selma Dögg Sigurjónsdóttir varaformaður, Valdimar Víðisson gjaldkeri og Hermann Óskarsson meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs. Vegna brottflutninga Valdimars og Hermanns komu inn í stjórn á síðari hluta árs Rúnar Þór Sigursteinsson og Ágúst Þór Árnason. Frá félagi Stúdentna (FSHA) var Árni Sigurgeirsson fyrri hluta árs og Ragnar Sigurðsson seinni hluta árs. Starfsmaður Góðvina var á fyrri hluta ársins Jóna Jónsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi HA, en Dagmar Ýr Stefánsdóttir tók við starfi Jónu á seinni hluta ársins og er því núverandi starfsmaður Góðvina. Þeim vil ég öllum þakka fyrir gott samstarf.

Eva Hrund Einarsdóttir formaður Góðvina HA

FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM Á ÁRINU 2009

- **Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 24. febrúar 2009** í stofu L201 á Sólborg kl. 12:00–13:15. Helga Hlín Hákonardóttir hdl., framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Saga Capital, mun fjalla um ábyrgð stjórnenda og stjórna fyrirtækja.

Hádegishressing verður í boði Lostætis. Hvetjum alla til þess að mæta.

- **Endurfundir og brautskráningarveisla að kvöldi brautskráningardags 13. júní 2009.** Sú hefð hefur skapast að halda endurfundi fyrir afmælisárganga HA og hefur þátttaka aukist jafnt og þétt. Þetta er liður í starfi Góðvina við að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur. Við hvetjum afmælisárganga til að fjölmenna í júní, hitta gamla samnemendur og rifja upp tíma skólaáranna.

Nánari upplýsingar verða senda síðar. Hægt er að fá senda bekkjarlista með því að senda tölvupóst á dagmar@unak.is og einnig má senda inn hugmyndir vegna endurfunda á sama netfang.

FYRIRTÆKJATAL

Eftirtöld fyrirtæki/félagasamtök styðja við bakið á Góðvinum:

MS á Akureyri	Höldur ehf.	Félag verslunar- og skrifstofufólks	Eining-löja	Pedromyndir
Vörubær	Halldór Ólafsson ehf.	Raftákn	Bakarið við Brúna	Framtal sf.

Forsvarsmönnum fyrirtækjanna/félagasamtakanna er þakkað kærlega fyrir rausnarlegan stuðning.

HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda við brautskráningu 14. júní 2008 fyrir góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Heilbrigðisdeild: Eva Björk Axelsdóttir

Kennaradeild: María Aldís Sverrisdóttir

Viðskipta- og raunvísindadeild: Vordís Baldursdóttir

Félagsvísinda- og lagadeild: Sigmar Arnarsson

Til viðbótar heiðruðu Góðvinir sérstaklega Margréti Kristínu Helgadóttur úr félagsvísinda- og lagadeild og Raket Ýr Sigurðardóttur viðskiptafræðing fyrir lofsvert framtak við að kynna háskólann.

Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini.



Heiðursverðlaunahafar Góðvina 2008 ásamt rektor, á myndina vantar Margréti Kristínu Helgadóttur

BRAUTSKRÁNINGARVEISLA OG ENDURFUNDIR Á SÓLBORG 14. JÚNÍ

Að kvöldi brautskráningardags 14. júní 2008 efndu Góðvinir og FSHA til brautskráningarveislu og endurfunda í matsal háskólans á Sólborg. Þetta var í þriðja skipti sem efnt var til slíkrar hátíðar. Veislan þótti heppnast afar vel, boðið var upp á glæsilegt hlaðborð frá Lostæti og veislustjórnin var í höndum Hunds í óskilum. Þóttu þeir félagar fara á kostum. Farið var í skemmtilega leiki og að lokum lék Ingó, ýmist kenndur við Idol eða Veðurguði, fyrir dansi.



„ÞETTA HELST“ HJÁ HA Á ÁRINU 2008

Byggingarframkvæmdir

Framkvæmdir standa nú yfir vegna fjórða áfanga Sólborgar og er ráðgert að byggingin verði tilbúin til notkunar sumarið 2010. Þá verður hægt að sameina alla kennslu á Sólborg. Í nýju byggingunni verður meðal annars glæsilegur hátíðarsalur.



Vísindavaka

Háskólinn á Akureyri tók að venju þátt í Vísindavöku árið 2008, meðal þess sem var í boði var blóðsykursmæling hjá hjúkrunarfræðinimum.



Nýir stúdentagarðar

FÉSTA tók í notkun nýja stúdentagarða við Kjalarsíðu í ágúst 2008.



FSHA 20 ára

FSHA fagnaði 20 ára afmæli félagsins á árinu 2008. Hér sést núverandi formaður, Ragnar Sigurðsson, fá sér kökusneið í tilefni dagsins.



1. desember

Fullveldishátíð var haldin að vanda 1. desember, að þessu sinni í mikilli snjókomu. Það var annar bæjarlistamaður Akureyrar árið 2008, Anna Richardsdóttir, sem hringdi Íslandsklukkunni átta sinnum.



Jólaboð rektors

Starfsfólk háskólans skemmti sér vel í jólaboði rektors en þar lásu upp úr bókum sínum þeir Sigmundur Ernir Rúnarsson og Hallgrímur Helgason.



Ársfundur í desember

Á ársfundi HA í desember sagði Þorsteinn Gunnarsson frá góðri gjöf sem Þorbjörg heitin Finnbogadóttir ánafnaði háskólanum við andlát sitt, það er andvirði íbúðar hennar. Ættingjar Þorbjargar mættu á fundinn og eru hér ásamt rektor. Gjöfin verður nýtt til frekari uppbyggingar fjarnáms við skólann og í virðing- og þakkarskyni við Þorbjörgu verður kennslustofa í skólanum látin heita eftir henni.



HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Heimasíða Góðvina er hluti af heimasíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er www.godvinir.is. Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi þeirra og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum. Unnið er að því að bæta síðuna og breyta.

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda verða sendir út í mars 2009. Upphæðin verður ákveðin á aðalfundi. Kandídatar sem brautskráðust voru 2006 fá nú í fyrsta sinn sendan greiðsluseðil en þeir geta hafnað aðild að Góðvinum með því að senda tölvupóst á dagmar@unak.is með ósk um að greiðsluseðillinn verði felldur niður.

Bakhjarlar Góðvina



Góðvinir Háskólans á Akureyri
Febrúar 2009
Ritstjórn og ábyrgð: Dagmar Ýr Stefánsdóttir
Hönnun: Stíll
Prentun: Ásprent